

Styrkumsóknir til borgarráðs 2018

	Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1	Ægir Óskar Hallgrímsson	Þátttaka í U-18 landsliði í körfubolta	14.5.2018	ótilgreint.	-	Nei	R18070053
2	Kjartan Sveinsson	Styrkur v. veitinga á tökustað	8.6.2018	ótilgreint	-	Nei	R18070055
3	Alec Elías	Þátttaka í Ólympíuleikum í efnafræði	13.6.2018	ótilgreint	-	Nei	R18070058
4	Eldar Gíslason	Þátttaka í Ólympíuleikum í efnafræði og norrænu efnafræðikeppninni	10.6.2018	ótilgreint	-	Nei	R18070059
5	Þorsteinn Ívar Albertsson	Þátttaka í Ólympíuleikum í efnafræði	27.5.2018	ótilgreint		Nei	R18070060

Bjarni Þóroddsson

Frá: Alec Elías Sigurðarson <ajes2048@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 13. júní 2018 23:51
Til: Styrkir
Efni: Ólympíukeppni í efafræði

Flokkar: Yellow Category

Skjalasafn Ráðhúss
218070058
04. júlí 2018
Bréfatýkill: 1252

Góðan daginn,

Ég heiti Alec Elías og er að fara að keppa fyrir hönd Íslands í norðurlanda- og ólympíukeppnum í efafræði í sumar. Við förum til Noregs 15.-18. júlí fyrir norðurlandakeppnina og til Tékklands og Slóvakíu 19.-29. júlí fyrir ólympíukeppnina.

Ég vil sækja um styrk fyrir þessar keppnir auk æfingarferlisnis yfir sumarið. Reykjavíkurborg hefur áður styrkt nemendur sem hafa farið í þessa keppni og því vonast ég eftir svari.

Kveðja,

Alec Elías
kt: 290499-2169
Lindarseli 6
109 Reykjavík

Malsnr: 218070059
Skjalasafn Ráðhúss
04. júlí 2018
Bréfalykill: 1252

Frá: Eldar Gislason <eldar.gislason@gmail.com>
Sent: sunnudagur, 10. júní 2018 22:48
Til: Upplýsingar - Pósthólf Síma-ver <upplýsingar@reykjavik.is>
Efni: Sumarlaun/styrkur

Sæl,

Ég er að fara að keppa í norrænu efnafræðikeppninni (16.-19. júlí) og í ólymíukeppninni í efnafræði (19.-29. júlí) í sumar (<https://50icho.eu/>) og mun því vera í þjálfun fyrir þær frá um miðjum júní og þar til keppnirnar hefjast 16. júlí. Mér var því sagt að sækja um sumarlaun/styrk hjá sveitarfélaginu mínu á meðan þjálfun og keppni stendur, þar sem ekki er hægt að vinna meðfram þjálfun og keppni.

Gætuð þið nokkuð sagt mér hvert ég leita til þess að sækja um svona laun/styrk hjá Reykjavíkurborg og hvernig ég geri það.

Kveðja,

Eldar Máni Gíslason


Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Bjarni Þóroddsson

Frá: Kjartan Sveinsson <kjartansv@gmail.com>
Sent: föstudagur, 8. júní 2018 10:35
Til: Styrkir
Efni: spennandi verkefni

Flokkar: Gulur flokkur



Til þess er málið varðar.

Góðan daginn! Ég heiti Kjartan og er nemi í kvikmyndataekni í Stúdíó Sýrlandi.

Þannig standa mál að við erum að framleiða stuttmynd í skólanum og okkur vantar nauðsynlega að fá mat á tökustað. Því miður eru engir peningar í verkefninu.

Við erum 12 manns. Ég leita til ykkar í von um styrk í formi matar. Til dæmis gæti gengið að ná í eitthvað úr mötuneyti ráðhússins.

Þetta er mjög flott verkefni, stuttmyndin gerist í heimi þar sem kynjahlutverkum hefur verið snúið á hvolf og haga konur sér því eins og menn og menn eins og konur. Við erum bjartsýn á að hún muni koma vel út og ætlunin er að senda hana á kvikmyndahátíðir. Ef þið hafið áhuga á að styrkja okkur munum við birta logoið ykkar í lok myndarinnar.

Ég vonast til að heyra frá ykkur fljótlega og þakka lesturinn.

Kær kveðja,
Kjartan Sveinsson
S: 8498656

Reykjavík 27. maí 2018

Borgarstjórn Reykjavíkur,
b.t. forseta borgarstjórnar,
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Klasisnr: 218070060
Skjalasafn Ráðhúss

04. júlí 2018

Bréfalykill: 1252

Landskeppni í eðlisfræði sendir nú í sumar í 35. sinn íslenskt keppnislið framhaldsskólanemenda til árlegra Ólympíuleika í eðlisfræði sem að þessu sinni fara fram í Lissabon í Portúgal 20.-29. júlí í ár.

Keppendur eru 4 nemendur úr MR og einn nemandi úr VÍ og er ég undirritaður einn af keppendunum. Var ég valinn til fararinnar eftir forkeppni í febrúar og úrslitakeppni í Háskóla Íslands í mars síðastliðnum. Frá miðjum júní mun ég njóta þjálfunar starfsmanna og nemenda raunvísindadeildar HÍ og HR í fræðilegri og verklegri eðlisfræði.

Keppninni er ætlað að :

- stuðla að auknum áhuga nemenda á eðlisfræði
- auka gæði í eðlisfræðikennslu framhaldsskólanna
- kynna almenningi viðfangsefni eðlisfræðinnar

Vegna þátttöku minnar fyrir Íslands hönd í þjálfun og keppni mun ég ekki geta unnið launaða vinnu fyrr en síðari hluta sumars og verð þess vegna af miklum sumarvinnutekjum. Með bréfi þessu óska ég eftir styrk míns heimasveitarfélags til að mæta sumartekjutapinu og vonast til að geta borið hróður þess í ferð minni á Ólympíuleikana í eðlisfræði.

Virðingarfyllst


Þorsteinn Ívar Albertsson

Þorsteinn Ívar Albertsson,
kt: 1908992099
thorsteinnia@gmail.com
Sörlaskjól 34, 107 Reykjavík.

Bjarni Þóroddsson

Frá: Ægir Hallgrímsson <aegiroh@internet.is>
Sent: mánudagur, 14. maí 2018 13:43
Til: ÍTR netfang; Styrkir
Efni: Sæl.

Flokkar: Grænn flokkur; Gulur flokkur



Varðandi dóttur mína, sem valin var í landslið U-18 í körfubolta, og er á leið í verkefni í sumar, er einhver möguleiki að fá styrk fyrir hana.

Ægir Óskar Hallgrímsson
GSM : 694-5980